

<b>Fundargerð</b>  <b>Laga- og leikreglanefnd KSÍ</b>	
---	---

<b>FUNDUR</b>	Fundur laga- og leikreglanefndar KSÍ
<b>DAGS.</b>	4. febrúar 2020
<b>STAÐSETNING</b>	Klúbburinn - KSÍ
<b>FUNDARMENN</b>	Gísli Gíslason formaður, Guðmundur H. Pétursson, Guðjón Bjarni Hálfðánarson og Haukur Hinriksson starfsmaður.

<b>DAGSKRÁ</b>	2. Fundur – Yfirferð á tillögum fyrir ársþing KSÍ 2020		
<b>UMRÆÐUEFNI, AÐGERÐIR OG ÁKVARÐANIR</b>			
		<b>Ábyrgur</b>	<b>Loka dags.</b>
1.	<b>Upphaf fundar:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Gísli Gíslason formaður nefndarinnar setur fundinn.</li> <li>- Fundargerð LLR dags. 28.1.2020 liggur fyrir ásamt athugasemdum sem borist hafa.</li> </ul>		
2.	<b>Tillaga (Þingskjal 10): Fjölgun félaga í Pepsi Max deild karla og 1. deild karla</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Tillögu hefur verið breytt á milli funda. Tillagan hefur að hluta til verið dregin til baka en áfram er lagt til að liðum í efstu deild karla fjölgi úr 12 liðum í 14 árið 2021.</li> <li>- Fyrir liggja athugasemdir frá Mótanefnd KSÍ, Fjárhags- og endurskoðunarnefnd KSÍ og starfshópi um Pepsi Max deild karla og fjölgun liða</li> <li>- LLR mælir ekki með því að tillagan sé samþykkt á eftirfarandi forsendum: <ol style="list-style-type: none"> <li>1. LLR telur hina breyttu tillögu ekki raska þeim sjónarmiðum nefndarinnar sem komu fram í fundargerð dags. 28.1.2020.</li> <li>2. Óvíst er að hægt sé að hrinda tillögunni í framkvæmd innan þess tíma sem tillagan gerir ráð fyrir.</li> <li>3. Kostnaðaráhrif tillögunnar hafa ekki verið metin.</li> <li>4. Með vísan til umsagna sem borist hafa, m.a. frá fjárhags- og endurskoðunarnefnd KSÍ og mótanefnd KSÍ.</li> </ol> </li> </ul> <b>Tillaga (Þingskjal 11): Fjöldi leikmanna á leikskýrslu í yngri flokkum</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Send til mótanefndar KSÍ til umsagnar. Umsagnar óskað fyrir kl. 12:00 þann 7. febrúar nk.</li> <li>- Að öðru leyti vísar LLR til umfjöllunar nefndarinnar í fundargerð dags. 28.1.2020.</li> </ul>		

	<p><b>Tillaga (Þingskjal 12): Dómarastörf í 2. aldursflokki</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Fyrir liggja athugasemdir frá Fjárhags- og endurskoðunarnefnd KSÍ og dómaranefnd KSÍ</li> <li>- LLR mælir ekki með því að tillagan sé samþykkt á eftirfarandi forsendum: <ul style="list-style-type: none"> <li>1. Með vísan til umsagna sem liggja fyrir er ekki mælt með að tillagan verði samþykkt m.t.t. kostnaðar.</li> </ul> </li> </ul> <p><b>Tillaga (Þingskjal 13): Leikmannssamningar í 1.- og 2. deild kvenna</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Fyrir liggja athugasemdir frá samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ</li> <li>- LLR mælir ekki með því að tillagan sé samþykkt óbreytt á eftirfarandi forsendum: <ul style="list-style-type: none"> <li>1. LLR telur að neðstu deildir karla og kvenna eigi ekki að falla undir alþjóðareglur um leikmannssamninga (professional agreements) og verði þannig áfram áhugamannadeildir og lúti reglum um áhugamannafótbolta.</li> </ul> </li> </ul>		
3.	<p>Tillögur að reglugerðabreytingum sem liggja fyrir fundi stjórnar 12. febrúar nk.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>→ Reglugerð um knattspyrnumót (Keppni varaliða) <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Nefndin gerir athugasemdir um hlutgengi leikmanna vegna þátttöku í keppni varaliða.</li> <li>○ Nefndin gerir tillögu um að þátttaka leikmanna í keppni varaliða veldur ekki óthlutgengi í leikjum yngri flokka.</li> <li>○ Engar frekari athugasemdir.</li> </ul> </li> <li>→ Reglugerð um knattspyrnumót og reglugerðir um 5, 7, og 8 manna bolta <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Engar athugasemdir við formið en nefndin leggur til að tillagan fái umfjöllun í mótanefnd KSÍ.</li> </ul> </li> <li>→ Reglugerð KSÍ um veitingu landsliðs- og heiðursviðurkenninga <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Nefndin mælir með að tillagan fái frekari umfjöllun stjórnar KSÍ.</li> </ul> </li> </ul>		
4.	<p>Samantekt:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Fundið slitið kl. 13:11</li> </ul>		
<b>Dagsetning næsta fundar:</b>			
Óráðið			